

allan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir yfirdómi, þar með talin málfærslulaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálaflutningsmannanna Odds Gislasonar og Eggerts Claessen, 15 krónur til hvors.

Undirdómarinn sýslumaður Halldór Kr. Júlíusson greiði í sekt til fátækra sjóðs Bæjarhrepps í Strandasýslu 50 kr. innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa og ber að öðru leyti að fullnægja honum með aðför að lögum.

Mánudaginn 23. apríl 1917.

Nr. 65/1916.

Ingibjörg Pálsdóttir

gegn

skiftaráðandanum í Reykjavík  
f. h. dánarbús Steinunnar Thorarensen, Rannveigu Egilson o. fl.

D ó m u r :

Árið 1892 lézt uppgjafaprestur síra Stefán Thorarensen, og tók þá allann arf eftir hann ekkja hans Steinunn Thorarensen samkvæmt arfleiðsluskrá undirritaðri í viðurvist notarii í Reykjavík 19. jan. 1889. Í febrúar 1915 andaðist ekkjufrú Steinunn Thorarensen, og var bú hennar tekið til opinberra skifta af skiftaráðandanum í Reykjavík. Á skiftafundi í búinu 7. júlí 1916 hóf áfrýjandi þessa máls, Ingibjörg Pálsdóttir

hér í bæ, sem er ættingi síra Stefáns Thorarensens, mótmæli gegn því að búinu væri skift nema erfingjar síra Stefáns tækju einnig þátt í skiftunum, og að nokkrar ráðstafanir væru gerðar á dánarbúinu, sem kæmi í bága við rétt erfingja síra Stefáns. Af hálfu erfingja frú Steinunnar var þess hins vegar krafist að ekkert tillit yrði tekið til hinna framkomnu mótmæla. — Á skiftafundi í búinu 11. sept. f. á. kvað skiftarétturinn upp úrskurð um ágreining þennan á þá leið, að krafa áfrýjanda um þáttöku í skiftunum yrði ekki tekin til greina, og var búinu því næst skift milli erfingja frú Steinunnar.

Þessum skiftum og úrskurði hefir Ingibjörg Pálsdóttir skotið til yfirdómsins með stefnu útgefinni 31. okt. f. á.; hefir hún stefnt skiftaráðanda Reykjavíkur f. h. dánarbús Steinunnar Thorarensen, svo og erfingjum frú Steinunnar: Rannveigu Egilson í Hafnarfirði, Sigurði Sívertsen docent fyrir hönd sína og Sigríðar Theysen og annara fjarverandi erfingja, cand. juris Pétri Magnússyni f. h. Sigríðar Pétursdóttur á Gilsbakka, Ögmundi Sigurðssyni skólastjóra í Hafnarfirði f. h. Hansinu Benediktsdóttur á Sauðárkróki, Karólinu Benediktsdóttur í Múla, Guðrúnar Benediktsdóttur s. st., Bjarna Benediktssonar á Húsavík og Guðmundar Sivertsen, Oddi Gíslasyni yfirréttarmálaflutningsmanni f. h. Vigfúsínu Gílsfjörð á Ísafirði, og Vigdís Halldórsdóttur hér í bænum sem legatars í búinu. Krefst áfrýjandi þess, að skiftagerðin verði ónýtt, og hinum áfrýjaða úrskurði breytt þannig, að krafa áfrýjanda um, að hún verði viðurkend sem réttur og löglegur erfingi í dánarbúinu, verði tekin til greina, og að allar ráðstafanir, sem gerðar hafa

verið á eignum búans, er komi í bág við rétt hennar, verði ómerktar, og loks krefst hún, að skifaráðandi einn eða allir hinir stefndu in solidum verði dæmdir til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi að skaðlausu eða eftir réttarins mati.

Þar sem áfrýjandi ennfremur hefir krafist þess, að justitiarius og fyrsti meðdómandi víki sæti í máli þessu, sakir afskifta, er þeir hafi haft af arfleiðsluskrá hjónanna Stefáns Thorarensen og Steinunnar Thorarensen, og af búi frú Steinunnar, skal það tekið fram, að krafa þessi verður ekki tekin til greina með því að hvorugur þessara dómenda hefir haft nein þau afskifti af arfleiðsluskránni né heldur af búi hennar eða þeirra hjóna, er heimili þeim eða geri þeim það skylt, að víkja úr dómarsæti í málinu.

Áfrýjandi hefir eigi véfengt það, að frú Steinunn Thorarensen hafi haft löglega heimild til að taka arf eftir mann sinn, sira Stefán Thorarensen, sem einkarfingi hans samkvæmt arleiðsluskrá, undirritaðri í viðurvist notarii 19. jan. 1889, en hún heldur því fram, að í arfleiðsluskrá þessari hafi staðið það ákvæði, að eftir dauða þess hjónanna, sem lengur lifði, skyldu eignirnar skiftast milli erfingja þeirra beggja, og hvað sem því liði, þá sé það ljóst, að þar sem engin arfleiðsluskrá sé nú til staðar og framlögð við skiftin, verði að sjálfsgöðu að fara með hinar eftirlátnu eigur lögum samkvæmt, þannig, að erfingjar beggja hjónanna komi til greina við skiftin.

Hinir stefndu neita því hins vegar að í umræddri arfleiðsluskrá hafi staðið nokkurt ákvæði í þá átt, sem áfrýjandi heldur fram, og því til sönnunar

vísa þeir til framlagðrar útskriftar úr notarialbók Reykjavíkur, þar sem meðal annars segir: »Sira Stefán og frú hans, Steinunn Járngerður Thorarsen lögðu þá fram arfleiðsluskrá, þar sem þau arfleiða hvort annað að öllum eigum sínum undantekningar- og skilyrðislaust«. Halda þeir því fram, að orðin »undantekningar- og skilyrðislaust« útiloki það með öllu, að slíkt ákvæði, sem áfryjandi heldur fram, hafi getað staðið í arfleiðsluskránni. Auk þess hafa þeir lagt fram í yfirdómi eftirrit af vitnaleiðslu, er fram hefir farið meðal annars um innihald arfleiðsluskrárinnar. Hefir hið leidda vitni borið og unnið eið að, að það hafi lesið arfleiðsluskrána og sett á sig innihald hennar nákvæmlega; neitar vitnið því afdráttarlaust, að í arfleiðsluskránni hafi staðið nokkurt ákvæði um, að eignirnar skyldu eftir dag þess, er lengur lifði, skiftast milli erfingja beggja hjónanna, heldur hafi það, er lengur lifði, haft heimild til að ráðstafa þeim eftir sinn dag.

Þá taka hinir stefndu fram að við skifti á dánarbúi frú Steinunnar sé enganveginna nauðsynlegt að leggja fram umrædda arfleiðsluskrá, með því að erfingjar frú Steinunnar þurfi engan rétt á henni að byggja. Frú Steinunn hafi byggt rétt sinn á henni, er hún tók arf eftir mann sinn, og þá hafi arfleiðsluskráin verið til sýnis og lögð fyrir skiftaréttinn, sem eftir henni hafi úrskurðað frú Steinunni einkaerfingja eftir mann sinn. En þegar þeim búskiftum hafi verið lokið og frú Steinunn var orðin löglegur eigandi að félagsbúi þeirra hjóna, þá hafi arfleiðsluskráin í raun rétttri orðið óþörf. Hún hafi að vísu verið til

eftir dauða frú Steinunnar, en hafi síðar glatast fyrir vangá, sennilega verið brend með sendibréfum hinnar látnu.

Áfrýjandi mótmælir því að orðalag nótarialstaðfestingarinnar sanni nokkuð um þau atriði, sem hér er deilt um, hvernig eigi að fara með eignir búsins eftir dauða þess hjónanna, sem lengur lifði, og hún heldur því fram, að hið leidda vitni, Vigdís Halldórsdóttir sé arfleiðsluskrárerfingi frú Steinunnar, og því svo mjög við mál þetta riðin, að hún geti ekki talist fullgilt vitni, enda sé henni stefnt í málinu.

Svo sem þegar hefir verið tekið fram, hefir arfleiðsluskrá milli hjónanna síra Stefáns og frú Steinunnar Thorarensen, er hér ræðir um, ekki verið lögð fram í málinu, með því að hún hefir glatast, eftir því sem ætla verður, eftir að frú Steinunn andaðist, en þessi vöntun arfleiðsluskrárinnar getur þó út af fyrir sig eigi haft þær afleiðingar, sem áfrýjandi heldur fram, að bú frú Steinunnar eigi að skiftast milli erfingja beggja hjónanna, með því að erfingjar frú Steinunnar byggja ekki rétt sinn á nefndri arfleiðsluskrá, heldur á rétti sínum að taka arf eftir hana, sumpart samkvæmt arfleiðsluskrá og sumpart samkvæmt skyldleika við hana; hins vegar er það áfrýjandi, er vill byggja rétt sinn á umræddri arfleiðsluskrá, með því að hún heldur því fram að í henni hafi staðið ákvæði um að eignirnar ættu að falla til erfingja beggja hjónanna eftir dag þess, er lengur lifði. Þessa staðhæfingu byggir áfrýjandi þó eigi á því, að henni hafi verið kunnugt um að slíkt ákvæði hafi þar staðið, heldur eingöngu á því, að í

gagnkvæmum arfleiðsluskrám sé það venjulega ákveðið, að eignirnar skuli eftir dag þess, er lengur lifir, tilfalla löglegum erfingjum beggja hjónanna. Þótt ákvæði í þessa átt séu oft sett í slíkar arfleiðsluskrár, þá getur þetta þó engan vegin verið nægilegt til að sanna rétt áfrýjanda, og það því síður sem stefndu hafa fært líkur fyrir því, að þetta ákvæði hafi alls eigi staðið í arfleiðsluskránni. Á þetta bendir, svo sem stefndu halda fram, bæði orðalag notarialgerðarinnar um að hjónin hafi arfleitt hvort annað undantekningar- skilyrðislaust, því að það er ekki líklegt, að þannig hefði verið tekið til orða, ef í arfleiðsluskránni hefði staðið ákvæði um að eignirnar ættu að falla til erfingja beggja hjónanna eftir dag þess, er lengur lifði, en sérstaklega styrkist þetta við framburð vitnisins Vigdísar Halldórsdóttur um að ekkert ákvæði í þessa átt hafi staðið í arfleiðsluskránni. Þetta vitni verður að teljast fullgilt, því þótt frú Steinunn hafi gefið því nokkra upphæð eftir sinn dag, verður ekki séð, að úrslit þessa máls geti á nokkurn hátt snert hag vitnisins, og það hefir ekki tekið neinn þátt í skiftum búsin, eða látið sig skifta-ágreining þann, er hér ræðir um.

Samkvæmt framansögðu ber að staðfesta hinn áfrýjanda skiftaréttarúrskurð og skiftagjörðina í heild sinni. Eftir þessum úrslitum verður áfrýjandi að greiða stefndu málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 40 kr.

## Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði skiftaréttarúrskurður og eftirfarandi skifti á dánarbúi frú Steinunnar Thorarensen staðfestist.

Áfrýjandi Ingibjörg Pálsdóttir greiði skiftaráandanum í Reykjavík fyrir hönd dánarbús Steinunnar Thorarensen málskostnað fyrir yfirdómi með 40 krónum.

Ídæmdur málskostnaður greiðist áður en liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 14. maí 1917.

Nr. 2/1917.

Þorsteinn Sigurðsson  
 gegn  
 ráðherra Íslands  
 f. h. landssjóðs.

## Dómur:

Miðvikudagskvöldið 3. marz 1915 eða nóttina eftir bar svo við, að Þorsteinn Sigurðsson útvegsbóndi á Sæbergi í Vestmannaeyjum og bústýra hans, Sigurbjörg Sigurðardóttir, féllu í svo fastan svefn, að heimilisfólkið gat eigi vakið þau. Var því læknis vitjað, og gerði hann margar tilraunir til að vekja